

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Hjartavernd Læknagarði Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	7.12.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hjartavernd	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Læknagarður, Vatnsmýrarvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600705-0590	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristín Bjarnadóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	86903
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Hjartaverndar fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar hugsanlega færslu leyfis yfir á annan rekstraraðila.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Hjartaverndar til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í rannsóknahúsnæði að Vatnsmýrarvegi 16 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis ( kafli 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Rekstraraðili hefur leyfi til starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I. Um er að ræða frumúlínur útbúnar með veiklaðri Epstein Barr veiru.

Engin starfsemi er í gangi, hefur ekki verið frá 2006 og sem stendur eru ekki áætlanir um áframhaldandi starfsemi. Rætt var um að áhuga væri á að flytja leyfið undir Lífvisindasetur Háskóla Íslands og var rekstraraðila bent á að hafa samband við Umhverfisstofnun tímanlega verði ákveðið að fara í slíkar breytingar.

Fram kom í eftirlitinu að vel væri fylgst með geymslu á frumúlínunum, fyllt væri á köfnunarefnisbirgðir reglulega. Aðgangur að rýminu er takmarkaður. Ekki var tilefni til athugasemda.

### ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að hafa tímanlega samband við Umhverfisstofnun verði ákveðið að færa leyfið undir annan rekstraraðila.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir